

5. gr.

Þar sem sorphirða fer fram samkvæmt sérstakri þjónustubeiðni skal innheimta sorp-hirðugjalds vera samkvæmt reikningi, fyrir sannanlegum kostnaði.

Þar sem sorphirða er sérstaklega flókin og kostnaðarsöm skal heimilt að leggja á auka-gjald fyrir sannanlegum kostnaði.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og gildir frá 1. janúar 2002.

Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar 6. desember 2001.

Garðabæ, 12. desember 2001.

Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um afnám reglna um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf.

Bankastjórn Seðlabanka Íslands hefur ákveðið að fella úr gildi reglur nr. 489 frá 31. ágúst 1995, um skyldu verðbréfasjóða til þess að eiga ríkisverðbréf, en reglurnar voru gefnar út í Stjórnartíðindum B 89 hinn 20. september 1995.

Reglurnar falla úr gildi frá og með 1. janúar 2002.

Reykjavík, 14. desember 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

GJALDSKRÁ

um gatnagerðargjöld og byggingaleyfisgjöld í Borgarbyggð.

1. gr.

Almenn heimild.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarnesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. heimild í lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa sem eru á eignar- eða leigulóð í Borgarbyggð skal greiða byggingaleyfisgjöld skv. skipulags- og byggingarreglugerð nr. 73/1997.